

165. fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar.

Haldinn í Ungmennahúsi Hafnarfjarðar þriðjudaginn 17. desember 2019.

Fundinn sátu: Sigurður Sindri, Helga Sól, Krístrún, Emelía Ósk, Ronja, Lilja

Afboðuðu sig:

Fundarstjóri: Emelía

Ritari: Krístrún

1. Fundarstjóri næsta fundar

Lilja er fundarstjóri næsta fundar.

2. ÍTH fundur

Krístrún sagði frá síðasta ÍTH fundi.

3. Brainstorm um málefni

Við ræddum um að halda súpuboð fyrir bæjarstjórn og stefnum á það í janúar.

Okkur finnst vanta ruslatunnur um allan Hafnarfjörð, sérstaklega í grennd við skóla. Þær sem fyrir eru þarf að tæma oft.

Það þarf að gera svæðið við Krónuna í Flatahrauni öruggara gangandi vegfarendum.

Það þarf að passa að ljósastaurar í bænum virki.

Það væri gott ef boðið væri upp á sumarnámskeið fyrir unglina.

Við viljum fleiri viðburði á Thorsplani eða Víðistaðatúni á sumrin.

Það væri gott ef bærinn myndi bjóða upp á rafmagnsfaratæki (s.s. hlaupahjól) á leigu innanbæjar.

Að lokum vill Ungmennaráð vita stöðuna á ljósastaurum í Áslandinu sem fjallað var um á fundi fyrr í haust.

4. Hugmyndir að hópefli

Okkur datt í hug að fara í Escape room og halda karaoke kvöld til að efla liðsandann.

Fleira ekki gert. Fundi slitið: 21:15

